

**Nr. 19-042 S 031 Von GK 113*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 2733  
*Smíðaður:* Trefjar, 2007, trefjaplast.  
*Útgerð:* Útgerðarfélag Sandgerðis ehf.  
*Stærð:* 14,96 bt.  
*Mesta lengd:* 13,02 m *Skráð lengd:* 11,36 m  
*Breidd:* 3,74 m *Dýpt:* 1,44 m  
*Vél:* Yanmar, 368 kw, 2007.  
*Fjöldi skipverja:* 4



Von © Páll Traustason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K Jónssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 3. október 2018 var Von GK 113 á línuveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: A 8-10 m/s.

Skipverji var við vinnu á rúllu þegar krókur festist í beini vísifingurs vinstri handar þannig að læknir þurfti að fjarlægja hann.

***Við rannsókn kom fram:***

að þegar veltingur kom á bátinn greip skipverjinn í neðri hlutann af rennunni með vinstri hendi, heldur ofarlega að eigin sögn, þar sem ögullinn náði að húkkast í hendina.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.